

Miðvikudaginn 28. febrúar 1940.

Nr. 14/1939. **Steindór Hjaltalín og Snorri Ste-
fánsson** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

H/f Huginn og gagnsök

(Pétur Magnússon).

Fébætur dæmdar vegna rofa samnings um kaup
sildar af síldveiðiskipum.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómurinn er kveðinn upp af Guðmundi Hannessyni, bæjarfógeta á Siglufirði, og meðdóms-
mönnum hans Friðbirni Nielssyni og Vilhjálmi
Hjartarsyni.

Aðaláfrýjendur, sem að fengnu áfrýjunarleyfi 31.
jan. 1939 hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með
stefnu 13. febr. s. á., krefjast *aðallega* algerrar
sýknu af kröfum gagnáfrýjanda í málinu, en *til vara*
lækkunar á fjárhæð þeirri, er þeir hafa verið dæmd-
ir til að greiða. Svo krefjast þeir og málskostnaðar
af gagnáfrýjanda fyrir báðum dómum eftir mati
hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefir að fengnu áfrýjunarleyfi 22.
maí 1939 gagnáfrýjað málinu með stefnu 24. s. m.
Krefst hann þess, að aðaláfrýjendur verði dæmdir
til að greiða honum kr. 12098,33 eða aðra lægri
fjárhæð samkvæmt varakröfum hans og málsút-
listun hér fyrir dómi ásamt 6% ársvöxtum af þeirri
fjárhæð, sem til greina yrði tekin, frá 15. júní 1937
og til greiðsludags. Ennfremur krefst hann máls-
kostnaðar af aðaláfrýjendum fyrir báðum dómum
eftir mati hæstaréttar.

Með því að synja viðtöku sildar af bátum gagn-

áfrýjanda þann 13. júní 1937 hafa aðaláfrýjendur, eins og rök eru færð að í hinum áfrýjaða dómi, rofið samning á gagnáfrýjanda og orðið skaðabótaskyldir gagnvart honum.

1. Fallast má á þá niðurstöðu héraðsdómsins samkvæmt ástæðum þeim, er þar greinir, að aðaláfrýjendum sé skylt vegna greindra samningsrofa að bæta gagnáfrýjanda annað tjón hans en aflatjón með kr. 3368,17.

2. Þann 13. júní 1937 komu bátar gagnáfrýjanda til Siglufjarðar á þeim tímum, er hér greinir: Huginn II. kl. 11 árdegis, Huginn I. kl. 3 síðdegis og Huginn III. kl. 8 síðdegis. Sökum tafar þeirrar, er viðtökusynjun aðaláfrýjanda hafði í för með sér, misstu bátarnir af veiði þann 14. júní, og er sýnt, að þótt þeir hefðu farið til Krossaness til losunar þar þegar að kvöldi þess 13. júní, þá hefði þeir ekki komist á sömu veiðislóðir og áður á Grímseyjarsundi fyrr en eftir kl. 3 síðd. þann 14. júní, en gagnáfrýjandi telur aðaláfrýjendum ekki til ábyrgðar veiðitap eftir þann tíma.

Nú er það upplýst, að sildveiði hélzt á greindum slóðum til kl. 3 síðd. þann 14. júní, en þá virðist hafa tekið fyrir veiðina. Samkvæmt gögnum, er gagnáfrýjandi hefir aflað og ekki hefir verið hnekk, hafa 10 bátar, er voru á veiðum á Grímseyjarsundi þann 14. júní, aflað þar frá því síðari hluta nætur til kl. 3 síðd. að meðaltali 40.43 mál sildar á klst. hver.

Gagnáfrýjandi telur, að hefði allt farið með felldu, myndi uppskipun sildarinnar úr hverjum bát hafa staðið yfir 10 klst., og síðan hefði það tekið bátana $3\frac{1}{2}$ klst. að sigla frá Siglufirði á veiðislóðir aftur. Veiðitímabilið þann 14. júní kveður hann

hafa staðið yfir frá kl. 4½ að morgni og til kl. 3 síðd. Ef engin ónauðsynleg töf hefði orðið, hefðu bátarnir Huginn I. og Huginn II. getað verið teknir til veiða kl. 4½ nefndan morgun, en Huginn III. kl. 9½ s. d. Huginn I. og Huginn II. hafi því misst af 10½ klst. veiði hvor, en Huginn III. af 5½ klst. veiði, eða bátarnir allir til samans af 26½ klst. veiði. Aðaláfrýjendur fullyrða hinsvegar, að bátarnir hefðu ekki orðið losaðir á skemmri tíma en 12 klst. Af útdrætti úr dagbók Hugins III. má sjá, að uppskipun úr honum í Krossanesi hefir staðið yfir 12 klst., og þar sem ekki eru fram komnar aðrar upplýsingar um þetta ágreiningsefni aðilja, verður að byggja á staðhæfingu aðaláfrýjanda um það. Af því leiðir, að þótt engar ónauðsynlegar tafir hefðu orðið, hefði Huginn I. ekki getað hafið veiði af nýju fyrr en kl. 6½ árd. þann 14. júní, og Huginn III. ekki fyrr en kl. 11½ s. d. Veiðitími sá, er bátar gagnáfrýjanda misstu af, verður samkvæmt þessu að teljast samtals 22½ klst. Sé miðað við þenna klukkustundafjölda, það einnig, að meðaltalsafli bátanna hefði orðið hinn sami sem annarra báta, er voru að veiðum á nefndum slóðum á sama tíma, þ. e. 40.43 mál síldar á klst., og loks það, að verð á hverju máli síldar séu 8 krónur, þá nemur aflatjón gagnáfrýjanda vegna tafar þeirrar, er aðaláfrýjendur bera ábyrgð á, kr. 7277.40. Þykir verða að dæma aðaláfrýjendur til þess að greiða gagnáfrýjanda þessa fjárhæð ásamt áðurgreindum kr. 3368.17, eða samtals kr. 10645.57 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi, 7. marz 1938, til greiðsludags.

Samkvæmt þessum málalokum þykir rétt, að aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og hæstarétti, samtals kr. 1000.00.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjendur, Steindór Hjaltalín og Snorri Stefánsson, greiði gagnáfrýjanda, H/f Huginn, kr. 10645.57 með 6% ársvöxtum frá 7. marz 1938 til greiðsludags og kr. 1000.00 samtals í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Siglufjarðar 17. sept. 1938.

Með stefnu, dags. 17. marz s. l., krefst stefnandinn, Jón Fannberg, framkvæmdarstjóri, Ísafirði, f. h. H/f Huginn, Ísafirði, að stefndu, Steindór Hjaltalín, útgerðarmaður, og Snorri Stefánsson, vélstjóri, báðir Siglufirði, verði dæmdir in solidum til þess að greiða sér kr. 12098.33 sem skaðabætur fyrir að hafa ekki tekið á móti framboðinni sild af skipum H/f Huginn, eins og stefnendur telja stefndu skylda til samkv. simskeytum, er lögð hafa verið fram í málinu.

Þá krefjast stefnendur og, að stefndir verði dæmdir til þess in solidum að greiða 6% vexti af umstefndri skaðabótaupphæð og málskostnað að skaðlausu samkv. reikningi, sem í málflutningnum er krafizt með kr. 1261.05 samkv. sundurliðuðum reikningi.

Stefndu mótmæla kröfu stefnanda og krefjast sýknu. Málið var tekið til dóms 3. þ. m.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

21. apríl 1937 sendir stefnandi stefndum Steindóri Hjaltalín svo hljóðandi simskeyti:

„Staðfestið simskeyti strax þér séuð reiðubúnir kaupa fyrir gangverð alla bræðslusild af skipum félagsins, veidda austan Skaga, næsta sumar, með forgangslosun sömu röð og eigin skip yðar“ „Huginn“.

Þessu simskeyti svarar meðstefndur Snorri Stefánsson, sem rak sildarverksmiðju Siglufjarðar 1937 ásamt stefndum Steindóri Hjaltalín, þannig 22. s. m.

„Huginn Ísafirði staðfesti kaupa í sumar fyrir gangverð

alla bræðslusild af skipum félagsins, veidda austan Skaga, losun sömu röð og eigin skip.“

Þessu símskeyti svarar H/f Huginn þannig með símskeyti 30. s. m.

„Snorri Stefánsson, Siglufirði. Staðfestum selja yður og Hjaltalín bræðslusild af skipum félagsins, -veidda austan Skaga í sumar samkv. símskeyti yðar $2\frac{3}{4}$.“

Segir svo í bili ekki meira af þeirra viðskiptum.

10. júní 1937 fóru bátar félagsins, Huginn I., Huginn II. og Huginn III. á sildveiðar fyrir Norðurlandi. Fengu þeir allir um fullfermi á Grimseyjarsundi og koma inn til Siglufjarðar til losunar sunnudaginn 13. s. m. (Huginn I. kl. 3 síðd., Huginn II. kl. 11 árd. og Huginn III. kl. 8 að kveldi.) Þegar þangað var komið, neituðu stefndir, sem báðir voru þá viðstaddir, að veita sildinni móttöku. Krafðist stefnandi, að tekið væri strax á móti sildinni, eins og hann taldi skylt samkv. fyrrgreindum símskeytum, en stefndu neituðu og héldu fast við þá neitun sína. Stefndu héldu fast fram, að þeim væri ekki skylt að taka á móti sild af skipum stefndu fyrr en þeir (stefndir) hefðu sjálfir ákveðið, að sildarverksmiðjan, sem þeir ráku, tæki á móti sild. Þeim væri eigi skylt að taka á móti sild af skipum stefnanda fyrr en þeir sjálfir hefðu ákveðið, að sildarverksmiðja þeirra byrjaði að taka á móti sild yfirleitt, og töldu ekki annað felast í símskeytum þeim, er á milli þeirra hefðu farið. Þeirri skoðun sinni til styrktar vitna stefndir í vitnaframburð framkvæmdarstjóra og tveggja stjórnarmanna sildarverksmiðja ríkisins um, að venja sé, að stjórn og framkvæmdarstjóri Sildarverksmiðju ríkisins ákveði, hvenær samningsbundin veiðiskip byrja að leggja upp í sildarverksmiðjur ríkisins. Og gildi slík venja einnig um aðrar sildarverksmiðjur.

Þá halda stefndir fram, að þeim hafi verið óskylt að taka á móti sild 13. júní þegar af þeirri ástæðu, að sá dagur var sunnudagur.

Í málflutningnum hafa stefndu málstað sínum til stuðnings haldið fram:

að þeir hafi lofað skipum stefnanda „losun á sildinni í sömu röð og eigin skipum“, þeir hafi tilkynnt skipstjórum sinna skipa og tveggja annarra skipa, er lögðu upp sild hjá þeim, að þeir létu ekki eigin skip byrja veiði fyrr

en 15. júní, og er það sannað í málinu. Stefndu telja því, að um rétt skipa stefnanda til losunar fari svo sem stefndur (Steindór Hjaltalín) hafi ætlað eigin skipum, og hafi því skip stefnanda engan rétt haft til losunar fyrr en 15. s. m. Stefndu kveðast og hafa látið stefnanda vita, að skip sín færu eigi út á sildveiðar fyrr en 15. júní, en þessu neitar stefnandi, og liggja engar sannanir fyrir þessu at-
 riði. Þó liggja af stefndra hálfu sannanir fyrir, að Steindór Hjaltalín hafi tilkynnt skipstjórum eigin skipa (sem eru þrjú) og skipstjórum tveggja annarra skipa, er stefndu tóku sild af, að þeir létu verksmiðjuna ekki taka á móti sild fyrr en 15. júní, enda verksmiðjan ekki fyrr til, og sönnun liggur fyrir í málinu, að í útvarpinu tilkynna stefndir þann 15. júní, að sildarverksmiðja þeirra byrji að taka á móti sild með og frá þeim degi. Verksmiðja stefndu byrjaði 16. júní að taka á móti sild, en var þó eigi „tilbúin til vinnslu“ fyrr en 24. júní. Bryggjuspilin voru þó komin öll í lag 20. júní. Þá halda stefndir því fram, að aðeins ein af sildarverksmiðjum ríkisins hafi 13. júní verið tilbúin til þess að taka á móti sild, svo að sildarmóttaka hafi almennt ekki verið byrjuð 13. júní. Að visu virðist af ýmsum gögnum, er stefndir hafa aflað frá öðrum sildarseljendum til stefndra, að stefndir gagnvart tveimur öðrum sildarseljendum en stefndu hafi ekki ætlað sér né skuldbundið sig til að taka á móti sild frá þeim í verksmiðju stefndra fyrr en 15. júní, og engin ástæða er til að ætla, að stefndir hafi ætlað sér að taka fyrr á móti sild frá stefnanda en frá öðrum, er seldu þeim sild í bræðslu, en hinsvegar hafa stefndir skuldbundið sig öðruvísi gagnvart stefnanda en virðist gegn öðrum, er seldu þeim sild í bræðslu. Með simskeyti 22. apríl 1937, sbr. önnur tilgreind simskeyti, skuldbinda stefndir sig til þess gagnvart stefnanda „að kaupa í sumar fyrir gangverð alla bræðslusild af skipum félagsins, veidda austan Skaga.“ Ef stefndu ætluðu með simskeytum sínum að láta afhendingu sildarinnar frá skipum stefnanda vera háða sínum eigin ákvörðunum og vilja, er til kæmi um móttöku, þá bar þeim að láta slíks skilorðs getið í simskeytum þessum, en ekkert slíkt er þar að finna. Stefndir hafa að visu haldið fram, að þessa skilorðs sé einmitt getið í umræddum simskeytum, þar sem segir: „losun sömu röð og eigin skip“. Það

þýðir það, að engri losun sé stefnanda lofað fyrr en eigin skip stefnds Steindórs Hjaltalíns fái losun við verksmiðjuna, og ef skip hans verði ekki látin fá losun hjá verksmiðjunni, þá séu stefndir lausir allra mála við stefnanda. Á þetta verður ekki fallizt. „Forgangslosun“ eða „losun eins og eigin skip“ er sett til þess að tryggja stefnanda aðgang til losunar umfram önnur skip, samningsbundin eða ósamningsbundin, en til jafns við eigin skip, sem ætla mætti, að stefndur Steindór Hjaltalín léti sitja fyrir losun, eins og frekast væri unnt. Krafan um „forgangslosun sömu röð og eigin skip yðar“ kemur fyrst fram í símskeyti stefnanda til Steindórs Hjaltalíns 21. apríl og er samþykkt með síðari símskeytum stefndra. Nú telst það næsta mikilvægt fyrir skip, er selja sild til sildarverksmiðja eða hafa slíkan — segja má óvenjulegan — rétt til losunar, því það venjulega er um samningsbundin skip, að þau hafi öll jafnan rétt til losunar eftir því sem þau koma og eftir vissum reglum.

Ákvæðið er því stefnanda í hag, en ef það ætti að skilja það eins og stefndu vilja vera láta, væri það stefnanda svo í óhag, að það hefði verið alveg undir vilja Steindórs Hjaltalíns komið, hvort nokkuð yrði af móttöku sildar stefndra frá stefnanda, því að Steindór Hjaltalín hafði það í hendi sinni að koma í veg fyrir slíka sölu með því að láta sín skip ekki fá losun í verksmiðjunni.

Engin venja er heldur til um móttöku sildarverksmiðja á sild, er takmarki gildi gerðra afhendingarsamninga, ef til eru, og vitnaframburður framkvæmdarstjóra og tveggja stjórnarmanna sildarverksmiðja ríkisins sannar ekkert um gagnstæða venju í þessu efni, eins og stefndir þó vilja vera láta. Sildarverksmiðjur ríkisins taka, eins og framlagt samningseyðublað í málinu sýnir, það fram í samningum sínum við samningsbundin skip, að samningsbundið skip „afhendi sildarverksmiðjum ríkisins alla sildveiði sína, frá því að verksmiðjurnar byrja móttöku“, og að „heimilt er stjórn verksmiðjanna í samráði við framkvæmdarstjóra að veita eigi sild móttöku um ákveðinn eða óákveðinn tíma, ef nauðsyn þykir til, vegna þess að of mikil sild berst að verksmiðjunum.“ Ekkert slíkt er tekið fram í umræddum símskeytum stefndra og gagnar stefndum því eigi að vísa til venju Sildarverksmiðja ríkisins,

sem byggist á sérstaklega gerðum samningum, er stefndir hafa enga slíka gert við stefnanda. Stefndandi hefir líka, ómótmælt af stefndum, haldið því fram, að engin sildarverksmiðja á Íslandi hafi nokkru sinni neitað sildarskipi, því síður samningsbundnum, um að taka af því fyrstu sildina, þar sem nóg þróarrúm er þá jafnan fyrir hendi. Nú var það að visu svo, að verksmiðja stefndra var eigi tilbúin 13. júní 1937, en þar sem stefndu í símskeytum sinum til stefnanda hafa ekki bundið kaupskyldu sína á sildinni því skilyrði, að verksmiðja þeirra væri tilbúin til að taka á móti sildinni, þá verður heldur ekki hægt að taka slíka varnarástæðu til greina, og það því síður, sem upplýst er í málinu, að hægt var að skipa sildinni upp í sildarþró með eigin vindum (spilum) skipanna, þótt vindur verksmiðju stefndra væru eigi í lagi. Nú er auk þess ekkert upplýst um það, að allar vindur verksmiðjunnar hafi verið í ólagi 13. júní, heldur um, að þær hafi eigi allar verið í lagi. Sönnu nærri væri það, að ekki er sannað, að stefndi (svo) hafi tilkynnt stefndum (svo), hvenær skip stefndra færu á veiðar, að slíkt væri þó sem þegjandi og sjálfsagt skilyrði þess, að stefndum væri skylt að taka á móti sild af skipum stefnanda jafnskjótt og þau kæmu og krefðust losunar, m. ö. o. skilyrði þess, að stefndum alveg fyrirvaralaust væri skylt að taka á móti sildinni. En á það verður þó eigi fallið, einkum vegna orðunar á símskeytum, er á milli fóru, sbr. fyrirspurn í símskeytum stefnanda frá 21. apríl „staðfestið símskeyti strax séuð reiðubúnir“ o. s. frv. og símskeyti stefndra eru sem samþykki á.

Eftir samningum átti aðeins að taka á móti sild, veiddri austan Skaga. Í málinu kemur fram, að skipstjórar skipanna hafa leitað fyrst á veiðisvæði vestan Skaga, því að venjulega veiðist sild fyrst vestan Skaga. Stefndandi gat því ekki tilkynnt stefndum, hvenær skipin færu að veiða upp í samning þeirra, og þótt auðvitað hefði verið réttara af stefnanda að tilkynna stefndum, hvenær skip stefnanda færu út á veiðar, verður það eigi talið nauðsynlegt til þess, að móttökuskylda stefndra haldist.

Það er alkunn venja í Siglufirði, að sildarverksmiðjur taki á móti sild af sildarskipum á sunnudögum, meðan nægilegt þróarrúm er fyrir hendi, og gátu stefndir því

eigi af þeirri ástæðu neitað móttöku sildarinnar. Slíkt er hér algeng sunnudagavinna.

Af því er nú hefir verið sagt, verður að telja, að stefndir hafi bakað sér skaðabótaskyldu með því að neita móttöku sildarinnar, sem stefnandi bauð fram. En hinsvegar er það sérstakt rannsóknarefni, hve háar slíkar skaðabætur eigi að vera.

Er stefndur vildi ekki taka á móti síld stefnanda, seldi stefnandi til sildarverksmiðja ríkisins, Siglufirði, 810,19 mál síldar af Huginn I. fyrir 6.00 kr. málið, eða kr. 1620.38 minna alla veiði skipsins en hann hefði fengið, ef stefndu hefðu tekið við síldinni fyrir umsamið verð (8.00 kr. málið), og af Huginn II. 80,44 mál fyrir sama verð, en vegna samningsskipa, sem þá kröfðust að komast að Sildarverksmiðjum ríkisins, varð Huginn II. frá að hverfa, og lét stefnandi þá báta sína leggja upp í Krossanesi, Huginn II. 661,21 mál á 7 kr. málið, eða kr. 661.21 minna en nam lofuðu verði hjá stefndum, Huginn III. 774,95 mál við sama verði, eða kr. 774.95 minna en hið lofaða verð hjá stefndum, eða alls kr. 3217.42 minna en hið lofaða verð. Oliukostnað við Krossanesferð 2ja skipa telur stefnandi nema 70.00 kr., og verður að telja hann hæfilegan og simakostnað kr. 80.75, sem eigi hefir verið mótmælt sérstaklega fyrr en eftir að öflun gagna og synjana (svo) var lokið. Alls verða því hinar umkröfðu beinu skaðabætur kr. 3368.17, en auk þess er bótakrafa fyrir veiðitap, kr. 8730.16.

Að því er hinar beinu bótakröfur snertir, þá verður að telja þær eðlilegt tjón af neitun stefndra á að taka á móti síldinni. Að visu hefði beint tap orðið minna, ef stefnandi hefði farið með síldina til Krossaness og selt hana þar alla fyrir 7.00 kr. málið. En þess verður eigi krafizt af stefnanda, að hann fari til Krossaness, sem mundi hafa tekið hann um 6 klt., til þess að selja síldina þar, ekki sízt þar sem það mundi hafa tekið stefnanda um 2 klt. lengur að ná á veiðisvæðið frá Krossanesi en frá Siglufirði, eða alls hefðu skip stefnanda tafizt við þá ferð um 8 klt., og sama gildir, jafnvel þótt eitthvað minni töf væri. Það er alkunna, að þegar eins og þarna átti sér stað, veiðiveður og aflavon er, þá er stefnanda réttmætt að leggja aðaláherzlu á að komast sem fyrst af stað til veiða aftur. Fárara

klukkutíma veiðitilraun eða einn skemmri (svo) getur gefið fullfermi, ef heppnin er með, og er þá auðsætt, að eigi getur komið til mála að gera aðilja eins og stefnanda að skyldu að elta hæsta verð, þegar jafnlangt er milli losunarstöðva og Krossaness og Siglufjarðar. Afleiðing þessa verður því, að rétt verður að telja, að stefndum sé skylt að bæta stefnanda allt beint umkafið tjón, kr. 3368.17. Að því er aflatjónið snertir, þá hefir stefnandinn að visu fært nokkrar líkur fyrir, að meðalveiði nokkurra tilgreindra skipa, er veiddu sild á sömu slóðum og skip stefnanda, hafi ekki verið undir því sildarmagni, sem stefnandi leggur til grundvallar útreikningi aflatjónsins, en líkur þessar eru þó eigi það sterkar, að hægt sé að byggja á þeim dóm um réttmæti kröfu upphæðar stefnanda fyrir aflatjóni þegar af þeirri ástæðu, að í máli þessu hefir stefnandi ekkert upplýst um, hve mörg skip, auk umræddra tilgreindra skipa, voru um þetta leyti á sömu slóðum og hvort þau veiddu nokkuð eða ekkert, en við það mundi breytast meðaltalsafli skipanna og því um leið grundvöllur útreiknings aflatjónsins. En þegar vantar slíkan grundvöll, sem eðlilegast hefði verið að byggja á, ef nægar upplýsingar hefðu verið fyrir hendi um veiði allra skipa á sömu slóðum á þeim tíma, er skip stefnanda töfðust af völdum stefndra, þá er varla tryggilegri grundvöllur að byggja á aflatjónið en reikna, hve langan tíma skip stefnanda töfðust af því, að stefndir tóku ekki á móti sildinni, athuga meðaltalsveiði skipa stefnanda á klukkutíma hvern í júní 1937. Kemur þá í ljós, eins og liggur fyrir í málinu, að á jafnlöngum tíma í júní — að meðaltali — eins og þau töfðust frá veiðum vegna neitunar stefndra að taka á móti sildinni, hafi þau aflað um 350 mál sildar, eða með lofuðu verði a. m. k. misst af veiði fyrir 2800 kr. Þar sem það hinsvegar verður að teljast viðskiptalífínu mesta nauðsyn, að aðili fái það aflatjón bætt, er hlýzt af því, að gagnaðili vanheldur samning eða samkomulag, verður að telja, að hæfilegt sé, eins og mál þetta liggur fyrir, að meta aflatjónið 2800 kr., eða alls eigi stefndir að greiða stefnanda kr. 6168.17.

Í vexti greiði stefndir 5% af tildæmdri upphæð frá 17. marz 1938.

Í málskostnað greiði stefndir stefnanda kr. 600.00.

Fyrir því dæmist rétt vera:

Stefndir, Steindór Hjaltalín, útgerðarmaður, og Snorri Stefánsson, vélstjóri, báðir Siglufirði, greiði stefnandanum, Jóni Fannberg, framkvæmdarstjóra, f. h. H/f Huginn, Ísafirði, kr. 6168.17 með 5% vöxtum frá 17. marz 1938 og 600.00 kr. í málskostnað. Hið ídæmda ber að greiða innan 3ja sólarhringa frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 28. febrúar 1940.

Nr. 84/1938. **Benedikt Benediktsson**

gegn

**Sigurði Ólasyni f. h. skrifstofu ríkis-
spítalanna**

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Benedikt Benediktsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 28. febrúar 1940.

Nr. 119/1939. **Andersen & Lauth h/f**

gegn

Franz Jezorski

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Andersen & Lauth h/f, er eigi mætir